

1547. FUNDUR FLUGRÁÐS

Fimmtudaginn 02. apríl 2009 var haldinn fundur í flugráði og var fundur settur kl. 14:15.

Viðstödd voru: Gunnlaugur S. Stefánsson, Jens Bjarnason, Lárus Atlason og Kristján Sveinbjörnsson. Gísli Baldur Garðarsson og Árni Gunnarsson boðuðu forföll. Jóna Kristín Þorvaldsdóttir mætti ekki.

Frá Flugmálastjórn: Pétur K. Maack og Einar Örn Héðinsson.

Frá samgönguráðuneyti: Ástríður S. Thorsteinsson.

Ritari fundargerðar: Valdís Ásta Aðalsteinsdóttir.

1. Fundargerð 1546. fundar flugráðs

Fundargerð 1546. fundar flugráðs var lögð fyrir og samþykkt.

2. Til umsagnar: Drög að frumvarpi til laga um rannsókn samgönguslysa

Formaður bauð fulltrúa samgönguráðuneytis Ástríði S. Thorsteinsson velkomna til fundar flugráðs.

Ástríður S. Thorsteinsson kynnti drög að frumvarpi til laga um rannsókn samgönguslysa fyrir fundarmönnum.

Í ljósi þess að drögin bárust flugráði ekki til umsagnar fyrr en fyrir viku og flugráð álitur mikilvægt að kynna sér málefnið frekar mun ritari flugráðs senda beiðni til ráðherra um frestun umsagnartíma fram yfir næsta flugráðsfund sem áætlaður er þriðjudaginn 28. apríl næst komandi. Óskað verður eftir því að formaður Rannsóknarnefndar flugslysa mæti til næsta fundar flugráðs og geri grein fyrir starfsemi nefndarinnar.

3. Til umsagnar: Reglugerð um breytingu á ýmsum reglugerðum um skírteini útgefin af Flugmálastjórn Íslands o.fl.

Fulltrúi samgönguráðuneytis Ástríður S. Thorsteinsson kynnti reglugerð um breytingu á ýmsum reglugerðum um skírteini útgefin af Flugmálastjórn Íslands.

Flugráð gerir ekki athugasemdir við reglugerðina.

4. Til umsagnar: Tillaga stýrihóps um verkefnastofn um flugöryggi – flugöryggisáætlun 2009 - 2010

Fulltrúi samgönguráðuneytis Ástríður S. Thorsteinsson kynnti tillögu stýrihóps um verkefnastofn um flugöryggi – flugöryggisáætlun 2009-2010

Bókun flugráðs 2. apríl 2009 um “Verkefnastofn um flugöryggi – flugöryggisáætlun 2009-2012”.

Flugráð hefur á fundi sínum 2. apríl 2009 fjallað um “Verkefnastofn um flugöryggi-flugöryggisáætlun 2009-2012”. Ástríður S. Thorsteinsson, formaður stýrihópsins sem vann verkið, gerði grein fyrir áætluninni á fundinum.

Flugráð telur verkefnastofninn til vitnis um, að öryggi í flugi er sístætt forgangsmál og þar verður að standa að verkum eins og best verður á kosið. Í verkefnastofninum koma fram tillögur sem gætu bætt öryggi, eftirlit og þjónustu enn frekar í flugstarfsemi. Mikilvægt er að reglur séu skýrar, hlutverk og ábyrgð viðkomandi aðila afmörkuð og skilvirkni með gegnsæi höfð að leiðarljósi. Þar gildir að samstarf með hinum mörgu aðilum sem að flugöryggi koma sé klárt og traust. Hins vegar hljóta öryggismál í flugi fyrst og fremst að byggjast á alþjóðlegum kröfum og reglum og þar með þeirri aðferðafræði sem þar er viðhöfð. Þar með er byggt á þeim grunni sem best hefur reynst og notið trausts samkvæmt alþjóðlegu eftirliti. Þar gegnir Flugmálastjórn lykilhlutverki og varast ber að færa fé frá þeim málaflokki yfir til verkefna tengt verkefnastofni. Þó verður að gæta vel að sérstökum aðstæðum innanlands eins og gert er í fyrirliggjandi verkefnisstofni og mikilvægt ef unnt er að koma vel skilgreindum verkefnum í farveg og tryggja þeim fjármögnun á þessu ári. Flugráð tekur undir þörfina á að heildstæð stefna til næstu ára verði mótuð í flugmálum á breiðum grundvelli.

5. Önnur mál

Flugmálastjóri lagði fyrir fundinn niðurstöður í viðhorfskönnun Capacent Gallup á trausti almennings til Flugmálastjórnar Íslands. Flugráð óskar Flugmálastjórn Íslands til hamingju með árangurinn og þakkar fyrir þessa ágætu niðurstöðu sem endurspeglar þá fagmennsku sem innan stofnunarinnar er stunduð.

Flugmálastjóri sagðist skynja af meiri alvöru að íslenskir flugrekendur telji að rekstrarumhverfi þeirra sé sífellt erfiðara hér á landi. Hann upplýsti flugráð um að einn íslenskur flugrekandi hefur þegar sótt um flugrekstrarleyfi í öðru landi sem gæti orðið til þess að hann flyttist alveg úr landi. Ástæður þessa væru ekki síst vegna skorts á loftferðarsamningum milli Íslands og annarra ríkja. Formaður telur rétt að ræða þetta mál á næsta fundi flugráðs á breiðum grundvelli.

1547. fundi flugráðs var slitið kl. 16:15.

Næsti fundur flugráðs er áætlaður 28. apríl 2009 kl. 14:00 að Skógarhlíð 12

Gunnlaugur S. Stefánsson
formaður

Gísli Baldur Garðarsson
varaformaður

Árni Gunnarsson

Jens Bjarnason

Lárus Atlason

Jóna Kristín Þorvaldsdóttir

Pétur K. Maack
flugmálastjóri

Valdís Ásta Aðalsteinsdóttir
ritari